

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta og mengunarvarna,  
sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

**Starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi með dýr**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir aðbúnað, aðkomu og öryggi gesta og viðskiptavina í starfsemi vegna geymslu og umhirðu dýra s.s.dýragæslur, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýraspítala, gæludýraverslanir og dýragarðar og umfangsmikilar dýrasýningar. Starfsleyfið gildir einnig um mengun frá starfseminni.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði og á athafnasvæði sem tilgreind er í starfsleyfinu. Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar og starfsemin að vera í samræmi við skipulag.
- 1.3 Ef annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina verði fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.6 Heilbrigðisfulltrúi getur gert kröfu um innra eftirlit í starfseminni.

**2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Húsnæði og athafnasvæði skal vera vel við haldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskildum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Þar sem við á skal lóð vera girt dýraheldri girðingu.
- 2.3 Dýr skulu vera í þar til gerðum búrum eða aðstöðu og skal vera fullnægjandi aðskilnaður milli tegunda og heilbrigðra og sjúkra dýra.
- 2.4 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.5 Þar sem við á skal vera aðgangur að handlaug með tilheyrandi búnaði og öðrum nauðsynlegum búnaði til að koma í veg fyrir smit milli manna og dýra.
- 2.6 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.7 Þar sem við á skulu viðskiptavinir eiga greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og 3,3 m<sup>2</sup> fyrir hreyfihamlaða, loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.

**3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða svo og athafnasvæði skulu þrifin daglega eða eftir þörfum sem ræðst af notkun. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.

**4. Matvæli**

- 4.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlisfræðisráðs um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

**5. Sóttvarnir, leyfi og slysavarnir**

- 5.1 Fara skal að ákvæðum hollustuháttareglugerðar hvað varðar hreinsun hunda og katta af spólu- og bandormum með ormalyfjum. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktar viðkomandi sveitarfélags hvað varðar dýrahald og hreinsun dýra í umsjá starfseminnar.
- 5.2 Í umgengni við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar. Óheimilt er að versla með sýkt dýr.

**6. Mengunarvarnir og umhverfismál**

- 6.1 Aðkoma og athafnasvæði skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 6.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Spilliefnum og lyfjaleifum þ.m.t. framköllunarvökva og blýfilmum skal safnað og komið til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.
- 6.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 6.5 Dýraúrgangi skal safna, flytja og farga á viðurkenndan hátt þannig að ekki hljótist af ólykt, óþrif eða smithætta.
- 6.6 Gæta skal þess að starfsemin valdi hvorki gestum eða nágrönnum óþægindum eða ónæði s.s. vegna hávaða, ólyktar, óþrifa eða umgengni.
- 6.7 Fóðrun dýra skal fara þannig fram að ekki stafi óþrif eða ónæði af fódurafgöngum eða umbúðum.
- 6.8 Dýrahæ skal flytja til viðurkenndra móttökustöðva eða grafa á þar til leyfðum stöðum. Um förgun á sérstökum/sóttmenguduðum úrgangi gilda sömu reglur og um úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- 6.9 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru
- 6.10 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

**Starfsleyfissskilyrðin eiga sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem að getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lög nr. 15/1994 um dýravernd, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, þar sem við á samþykktum viðkomandi sveitarfélags um dýrahald og hreinsun dýra.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 01.42 Þjónusta við búfjárrækt önnur en dýralækningar  
85.20 Dýralækningar